

# Lög Pílukastfélags Reykjavíkur

## 1. grein.

Heiti.

Félagið heitir Pílukastfélag Reykjavíkur og aðsetur þess er í Reykjavík.

## 2. grein.

Markmið.

Markmið félagsins er að iðka pílukast, glæða áhuga á pílukast íþróttinni og stuðla að bættri aðstöðu til iðkunar hennar.

## 3. grein.

Félagar.

Félagsmaður getur hver sá orðið sem óskar þess og hlýtur samþykki stjórnar félagsins.

## 4. grein.

Árgjald og félagatal.

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórn skal halda skrá yfir félagsmenn sem skal endurskoðuð a.m.k. árlega fyrir aðalfund félagsins.

## 5. grein.

Skyldur félagsmanna.

Félagsmaður samþykkir að virða lög, reglugerðir og siðareglur félagsins og greiða félagsgjöld. Greiði félagsmaður ekki árgjald í tvö ár samfleytt telst hann hafa sagt sig úr félaginu og hefur ekki leyfi til að keppa fyrir hönd félagsins.

Allir fullgildir félagar sem ekki skulda félagsgjöld hafa kjörgengi til stjórnarstarfa og atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundum.

## 6. grein.

Skipulag félagsins og stjórn.

Aðalfundur félagsins fer með æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málefnum félagsins og tekur ákvarðanir um allar meiriháttar fjárskuldbindingar félagsins. Stjórn framkvæmir ákvarðanir aðalfundar og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Stjórnin skal kosin á aðalfundi ár hvert og skal hún skipuð sjö félagsmönnum.

Formanni, sem er kosinn sérstaklega til tveggja ára á sléttri tölu, varaformanni, ritara, gjaldkera sem kosnir eru til tveggja ára á oddatölu ári og þremur meðstjórnendum.

Kosning skal vera skrifleg, komi fram ósk þess efnis.

Ennfremur skal kjósa tvo varamenn og skoðunarmenn sem yfirfara reikninga félagsins árlega og leggja fram sitt álit á aðalfundi.

## 7. grein.

Verkefni stjórnar.

Formaður boðar fundi í stjórn þegar hann telur þess þörf eða ef einn stjórnarmaður óskar þess. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í stjórn. Stjórnarfundir eru löglegir ef meirihluti stjórnar er mættur.

Stjórninni ber að gæta hagsmuna félagsins í öllum greinum. Hún hefur umráð yfir eignum og boðar til funda. Stjórnin getur enga fullnaðarákvörðun tekið nema þrír

stjórnarmenn séu henni fylgjandi. Stjórnin getur vikið félagsmanni úr félaginu brjóti hann lög félagsins, siðareglur eða aðrar reglur sem félagið hefur sett sér, eða ef framkoma hans telst skaða starfsemi eða orðspor félagsins.

Áður en ákvörðun um brottvikningu er tekin skal viðkomandi félagsmaður fá tækifæri til að tjá sig um málið.

Félagsmanni sem er vísað úr félaginu getur óskað eftir endurskoðun á ákvörðun stjórnar á félagsfundum.

## **8. grein.**

### Ráðstöfun fasteignar

Ákvarðanir varðandi ráðstöfun fasteigna félagsins, það er kaup og/eða sala þeirra, má einungis taka á löglega boðuðum félagsfundum þar sem þess er getið í fundarboði að fundarefnið sé ráðstöfun fasteigna.

Ákvörðun um sölu á fasteign félagsins eða kaup á annarri fasteign má einungis taka á félagsfundum þar sem minnst 2/3 (tveir þriðju hlutar) félagsmanna sem atkvæðisrétt hafa á fundum félagsins mæta til fundar og með 2/3 (tveir þriðju hluta) greiddra atkvæða samþykki sölu eða kaup. mæti ekki tilskilinn fjöldi fundarmanna, skal boða til framhaldsfundar og öðlast þá tillaga um sölu/kaup gildi ef 2/3 (tveir þriðju hlutar) atkvæðisbærra fundarmanna greiða honum atkvæði sitt, án tillits til fundarsóknar.

## **9. grein.**

### Reikningsár.

Reikningar félagsins miðast við almanaksárið, frá 1. janúar til 31. desember.

## **10. grein.**

### Aðalfundur félagsins og félagsfundir.

Aðalfundur skal halda ár hvert, eigi síðar enn 15. maí, og félagsfundum svo oft sem stjórnin ákveður eða skrifleg ósk um félagsfund berst frá eigi færri enn 10 félagsmönnum.

Allir fullgildir félagsmenn sem ekki skulda félagsgjöld yfir 18 ára aldri hafa kjörgengi til stjórnarstarfa og félagsmenn eldri en 16 ára atkvæðisrétt á aðalfundi. Málfrelsi og tillögurétt hafa allir félagar.

Til aðalfundar skal boða opinberlega með minnst tveggja vikna fyrirvara með auglýsingu á opinberum miðlum félagsins og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað, án tillits til þess hversu margir mæta.

Tillögur að lagabreytingum og öðrum málum sem taka á fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn félagsins skriflega eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund, nema stjórn ákveði annan frest í fundarboði.

Tillögur sem berast stjórn fyrir tilsettann frest skulu gerðar félagsmönnum aðgengilegar á opinberum miðlum félagsins eða öðrum sambærilegum hætti eigi síðar en 3 dögum fyrir aðalfund.

Á aðalfundi eða félagsfundum skal kjósa sérstakan fundarstjóra. Á aðalfundi skulu mál tekin fyrir sem hér segir :

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram skoðaðir reikningar.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
  4. Ákvörðun árgjalds.
  5. Lagðar fram tillögur að breytingum laga og reglugerða félagsins, ef um er að ræða.
  6. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðanda, skv. 6.gr. laga félagsins.
  7. Önnur mál.
- Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

#### **11.grein.**

Tillaga um slit félagsins má einungis taka fyrir á löglega boðuðum aðalfundi eða félagsfundi þar sem þess er sérstaklega getið í fundarboði.

Til þess að samþykkja slit félagsins þarf samþykki 2/3 hluta fundarmanna.

Verði félaginu slitið skulu eignir þess renna til íþróttabandalags Reykjavíkur eða annars íþróttafélags innan ÍSÍ sem starfar að þílukasti, samkvæmt ákvörðun fundarins.

#### **12.grein.**

Lög félagsins og breytingar á þeim öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa hlotið staðfestingu viðkomandi Íþróttahéraðs og framkvæmdarstjórnar Íþróttá- og ólympíusambands Íslands.

Lög þessi voru borin fram á aðalfundi 8.apríl 2026